



## Upplýsingar vegna rafrænnar vöktunar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal

**Ábyrgðaraðili** vöktunar er Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands (ÍSí), netfang: [isi@isi.is](mailto:isi@isi.is), símanúmer: 514 4000

**Tilgangur** rafrænnar vöktunar í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal er að varna því að eignir íþróttamiðstöðvarinnar séu skemmdar, að farið sé um byggingar eða aðrar eigur í leyfisleysi og til að stuðla að öryggi á þessum svæðum. Vöktunin fer fram til að gæta **lögmætra hagsmuna ÍSí af öryggis- og eignavörslu**.

Við vöktunina er unnið með myndefni þar sem sjá má einstaklinga sem farið hafa um hið vaktaða svæði og athafnir þeirra.

Allt myndefni er aðgengilegt rekstrarstjóra ÍSí sem hefur umsjón með framkvæmd vöktunarinnar. Eingöngu er heimilt að miðla persónuupplýsingum sem verða til við rafræna vöktun í einhverjum af eftirfarandi tilvikum:

1. Aðilar sem fram koma á myndefninu samþykkja það.
2. Upplýsingarnar varða slys eða meintan refsiverðan verknað og eru afhentar lögreglu.
3. Mælt er fyrir um miðlun upplýsinganna í lögum.
4. Upplýsingarnar eru nauðsynlegar einum eða fleiri hinna skráðu til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja, t.d. þegar tryggingafélag tekur afstöðu til bótaskyldu;
5. Ákvörðun Persónuverndar um að heimila miðlun upplýsinganna liggur fyrir.

Myndefni er varðveitt í 30 daga og er síðan eytt. Þó geta upptökur verið varðveittar lengur sé það nauðsynlegt til að krafa verði afmörkuð, sett fram eða varin vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja. Ef myndefni er afhent lögreglu er öðrum eintökum af efninu eytt.

**Réttindi einstaklinga:** Einstaklingar eiga rétt á að skoða myndefni þar sem þeir sjást. Einnig eiga þeir rétt á að fá aðgang að slíku myndefni að því gefnu að það skerði ekki réttindi og frelsi annarra. Að öðru leyti fer um réttindi einstaklinga samkvæmt III. kafla laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, sbr. nánar ákvæði í III. kafla reglugerðar (ESB) 2016/679.

Þeir sem sæta rafrænni vöktun eiga rétt á að leggja fram **kvörtun hjá Persónuvernd** ef þeir telja að vinnsla persónuupplýsinga þeirra gangi gegn persónuverndarlögum.

**Erindi er varða persónuverndarmál tengd íþróttamiðstöðinni skal senda á netfangið** – [personuvernd@isi.is](mailto:personuvernd@isi.is).

